

# **HAFRANNSÓKNASTOFNUN FJÖLRIT NR. 17**

---

**SJÁVARHITAMÆLINGAR  
VIÐ STRENDUR ÍSLANDS  
1987 - 1988**

**STEFÁN S. KRISTMANSSON**

**JANÚAR 1989**



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	bls.	3
Mælistaðir .....	bls.	4
Mælitækni .....	bls.	4
Gagnaheimtur .....	bls.	6
Gagnavinnsla .....	bls.	6
Umræða .....	bls.	6
REYKJAVÍK .....	bls.	9
STYKKISHÓLMUR .....	bls.	14
SKARÐSTRÖND .....	bls.	17
PATREKSFJÖRÐUR .....	bls.	18
ÆDEY .....	bls.	20
HÓLMAVÍK .....	bls.	22
SKAGASTRÖND .....	bls.	24
HJALTEYRI .....	bls.	26
GRÍMSEY .....	bls.	28
HÚSAVÍK .....	bls.	30
MJÓIFJÖRÐUR .....	bls.	31
ESKIFJÖRÐUR .....	bls.	34
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR .....	bls.	36
HAMARSFJÖRÐUR .....	bls.	38
Helstu niðurstöður .....	bls.	40
Þakkir .....	bls.	41
Heimildir .....	bls.	42
Viðauki (töflur) .....	bls.	43
REYKJAVÍK .....	bls.	44
STYKKISHÓLMUR .....	bls.	53
SKARÐSTRÖND .....	bls.	58
PATREKSFJÖRÐUR .....	bls.	60
ÆDEY .....	bls.	64
HÓLMAVÍK .....	bls.	67
SKAGASTRÖND .....	bls.	70
HJALTEYRI .....	bls.	74
GRÍMSEY .....	bls.	78
HÚSAVÍK .....	bls.	82
MJÓIFJÖRÐUR .....	bls.	85
ESKIFJÖRÐUR .....	bls.	90
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR .....	bls.	95
HAMARSFJÖRÐUR .....	bls.	99



## INNGANGUR.

Árið 1986 var ákveðið að auka hitamælingar í sjó við strendur landsins. Tvær aðalástæður voru fyrir því, annars vegar aukinn áhugi á sjávarhita í tengslum við fiskeldi og hins vegar tilkoma nýrra handhægra mælitækja.

Eins og kunnugt er ráðast aðstæður til fiskeldis í sjó að miklu leyti af hitaskilyrðum á hverjum stað. Það er tvennt sem skiptir máli í þessu sambandi. Í fyrsta lagi fjöldi daga á ári sem hitinn er yfir einhverju ákveðnu marki (t.d. 4°C), þ. e. lengd vaxtartíma bilsins. Í öðru lagi fjöldi daga á ári sem hitinn er undir hættumörkum (t.d. 0°C).

Um tíma var komið fyrir síritandi hitamælum um borð í strandferðaskipum og á fáeinum stöðum við landið, m.a. í Reykjavík, Grímsey, Mjóafirði og Vestmannaeyjum, (Unnsteinn Stefánsson, 1969 og 1970). Þessi gögn gefa gott yfirlit um aðstæður á viðkomandi stöðum en eru ófullnægjandi fyrir nákvæma úttekt á aðstæðum til fiskeldis við strendur landsins.

Af eldri gögnum m.a. kortum er sýna sjávarhita á 20 og 50 metra dýpi á íslenska landgrunnninu eftir leiðangra rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar, er ljóst að sjávarhitinn getur breyst mikil frá ári til árs. Sérstakar ritgerðir hafa einnig verið birtar um þetta efni, t.d. í ritgerð um hafsvæðið norðan Íslands frá árunum fyrir 1961 er fjallað um sveiflur í hlýsjónum (Unnsteinn Stefánsson, 1962), ritgerð um vetrarhitann og seltuna í sjónum 1970 - 1980, (Svend-Aage Malmberg, 1982) og um meðalyfirborðshita og seltu hvers mánaðar í hafinu sunnan Íslands, (Svend-Aage Malmberg og Geir Magnússon, 1982). Sjávarhitinn á landgrunnninu hefur vissulega áhrif á sjávarhitann inni á fjörðum en við það bætast landræn áhrif, sem geta skipt miklu máli í fiskeldinu. Björn Björnsson (1987) hefur fjallað sérstaklega um umhverfisaðstæður til fiskeldis á Austurlandi.

Snemma árs 1987 var ákveðið að hefja hitamælingar í sjónum á allmörgum nýjum stöðum við strendur landsins og tilteknum sveitarfélögum og fyrirtækjum boðið að taka þátt í mælingunum. Um mitt sama ár voru flestar fyrirhugaðar hitamælingar komnar í gang og 2ja ára hitamælingaverkefni hafið, (1. mynd).

Í fyrsta hluta gagnaskýrslu um þetta verkefni birtast hér niðurstöður hitamælinga frá 14 stöðum við strendur Íslands. Flestar mælingarnar hófust 1987 og eru nú tæplega tveggja ára langar. Hitamælingar hófust þó fyrr á nokkrum stöðum. Því miður ná hitamælingarnar misjafnlega langt fram á árinu 1988 vegna rafhlöðugalla.

## MÆLISTAÐIR.

Á miðju ári 1988 höfðu verið settir upp 13 hitamælar við landið á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Nokkrir eru á lykilstöðum við landið og eru í framhaldi af fyrri mælingum stofnunarinnar. Þeim verður haldið áfram í framtíðinni. Staðirnir eru, REYKJAVÍK, GRÍMSEY og MJÓIFJÖRÐUR. Auk þeirra var settur upp mælir í ÆÐEY í febrúar 1987. Aðrir staðir voru valdir sérstaklega vegna hitamælinga við strendur landsins í tengslum við fiskeldi. Peir eru, STYKKISHÓLMUR (Bæjarstjórn), SKARÐSTRÖND (Atvinnumálanefnd Dalasýslu), HÓLMAVÍK (Sveitarstjórn), SKAGASTRÖND (Skagstrendingur h.f.), HJALTEYRI (Fiskeldi Eyjafjarðar h.f.), HÚSAVÍK (Bæjarstjórn), ESKIFJÖRÐUR (Bæjarstjórn), FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR (Bæjarstjórn), HAMARSFJÖRÐUR (Bæjarstjórn Djúpavogs). Síðar bættist 14. staðurinn, PATREKSFJÖRÐUR (Vesturlax h.f.), í hópinn.

## MÆLITÆKNI.

Íslenska fyrirtækið HUGRÚN s.f. hefur þróað og framleiðir nú nýja hitamæla sem notaðir eru við þetta verkefni. Hitamælarnir eru sjálfvirkir af MS-110SH gerð, og skrá niðurstöður jafnöðum í innbyggt tölvuminni. Tækið er 30 cm langur vatnsþéttur plasthólkur og hitanemi er í neðri endanum. Tölva stillir klukku mælisins, tíma milli mælinga og les síðan gögnin. Tækið getur skráð allt að 8000 gildi í hverri mælilotu, en líftími rafhlöðu mælisins takmarkar oftast notkunartíma hans í hvert skipti. Mælisviðið er -2°C til 16°C og nákvæmnin er ±0.1°C. Prófanir hafa staðfest að svo sé.


Flestum hitamælunum hefur verið komið fyrir í plaströri utan á bryggjum u.p.b. 1-2 metrum undir yfirborði sjávar, þar sem gera má ráð fyrir greiðu streymi sjávar (2. mynd). Mælarnir eru fastir miðað við bryggjuna og botninn og hitamælingarnar verða því á mismunandi dýpi eftir sjávarföllum. Það lag er skilgreint hér sem yfirborðssjór. Botninn er 2 - 5 metrum neðar.

Á þremur stöðum var mælum lagt við bauju í nokkurri fjarlægð frá landi. Einn er við Stykkishólm á 5 metra dýpi, annar á Patreksfirði á 3 - 4 metra dýpi og sá þriðji í Hamarsfirði í yfirborðslaginu.


Með þessu fyrirkomulagi á uppsetningu hefur þjónusta við mælana gengið fljótt og vel í samstarfi heimamanns og Hafrannsóknastofnunarinnar.

Rannsóknir í hafinu hér við land hafa sýnt að dagsmeðaltöl sjávarhita í yfirborði og á 5 - 10 metra dýpi eru að jafnaði mjög áþekk (Unnsteinn Stefánsson 1969). Frávik frá þessu eru líkleg nálægt ströndinni. Til dæmis getur mikill ferskvatnsframburður á takmörkuðu svæði haft áhrif á þessa niðurstöðu. Nálægð fjörunnar og skjól inni á fjörðum geta einnig haft þau áhrif að efsta lag sjávar hitnar mun meira en neðri lög.

3a



1. Mynd. Mælistastaðir vegna stöðugra hitaskráninga á árinu 1988.



2. Mynd. Uppsetning hitamælis við bryggju.

## GAGNAHEIMTUR.

Hafrannsóknastofnunin hefur tekið í notkun 19 hitamæla frá HUGRÚNU s.f. Þetta eru ný íslensk mælitaeki og hefur stofnunin í raun tekið þátt í þróun þeirra. Til dæmis hefur komið fram byrjunargalli í tækjunum sem hefur verið endurbættur. Í þessu verkefni hafa rafhlöður einnig gefið sig og mælar jafnvel glatast. Þannig voru gagnaheimtur um 87% frá 10 mælistöðum tímabilið 1/7/87 - 30/6/88, þar sem mælt var stöðugt.

## GAGNAVINNSLA.

Hingað til hefur verið unnið úr gögnum með tvennu móti. Í fyrsta lagi eru öll hitagögn sem berast skoðuð, skráð og lesin inn á tölvu. Síðan eru línurit teiknuð og afrit tekin af gögnunum til geymslu. Í öðru lagi eru reiknuð út sólarhrings meðaltöl hitans og fjöldi gráðudaga, en hann er sá dagafjöldi þegar sjávarhitinn er á tilteknu bili miðað við heilt ár.

## UMRÆÐA.

Meðalsjávarhití hvers mánaðar hefur verið reiknaður út frá gildum frá árunum 1987 og 1988 (1. og 2. tafla). Hitinn var lægstur í febrúar og mars og mun lægri 1988 heldur en 1987. Þannig var munurinn milli þessara tveggja ára í febrúar  $2.9^{\circ}\text{C}$  í Reykjavík,  $1.3^{\circ}\text{C}$  í Æðey og  $0.7^{\circ}\text{C}$  í Mjóafirði. Veturinn 1987 var hlýr og mældist ekkert gildi undir  $1^{\circ}\text{C}$ , en veturinn 1988 var kaldur og mörg gildi mældust undir  $0^{\circ}\text{C}$ . Austfirðir (nema Hamarsfjörður) skáru sig úr á þann veg að meðaldagshitinn fór örsjaldan undir  $0^{\circ}\text{C}$  þennan kalda vetr.

Meðalmánaðarhitinn var hæstur í ágúst á öllum mælistöðunum árið 1987 (frá  $7.8^{\circ}\text{C}$  til  $12.7^{\circ}\text{C}$ ) og í júlí/ágúst sumarið 1988 (frá  $6.0^{\circ}\text{C}$  til  $10.7^{\circ}\text{C}$ ). Frá vorupphituninni í maí á árinu 1987 og fram í september skiptust mæliniðurstöðurnar í two megin flokka. Sjórinn við strendur Vesturlands og Norðurlands (fyrir utan Grímsey) var um það bil  $2^{\circ}\text{C}$  hlýrri en sjórinn inni á Austfjörðum.

Á hverjum stað fer hitinn nálægt landi almennt eftir sex aðalþáttum:

1. Í fyrsta lagi hitnar sjórinn í efstu lögunum vegna sólarorkunnar sem hann gleypir í sig. Upphitunin fer eftir sólarhæð og er að sjálfsögðu mest á vorin og sumrin. Þessi hiti berst síðan til dýpri laga með blöndun.
2. Í öðru lagi tapar sjórinn varma vegna langbylgju-útgeislunar. Tapið er háð hitastigi sjávarins og fer fram allt árið en jafnframt endurkasta ský hluta útgeislunarinnar aftur til baka í sjóinn.
3. Sjórinn kólnar vegna orkutaps við beina varmaleiðni til andrúmslofts en það getur snúist við þegar andrúmsloftið er heitara en sjórinn, sem er þó sjaldgæft hér við land.

1. Tafla: MÁNAÐARMEÐALTÖL SJÁVARHITA 1987 (°C)

STAÐUR	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES
REYKJAVÍK	2.8	3.3	3.3	3.2	6.3	10.7	11.3	12.7	9.6	6.3	5.5	5.1
STYKKISHÓLMUR	2.4	2.3	1.8	2.3	5.6	8.0	10.0	11.1	8.8	5.8	-	-
SKARÐSTRÖND	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2.3
PATREKSFJÖRÐUR	-	-	-	-	-	8.0	9.9	11.0	-	-	4.9	4.6
ÆDEY	-	1.2	1.3	1.7	4.3	-	-	-	-	-	-	3.9
HÓLMAVÍK	-	-	-	-	-	7.9	9.3	10.1	8.2	5.0	3.9	3.6
SKAGASTRÖND	-	-	-	-	-	7.5	9.6	9.8	7.5	4.7	3.7	2.8
HJALTEYRI	1.7	1.2	1.8	2.2	5.3	8.9	9.8	10.7	7.5	4.8	4.2	3.4
GRÍMSEY	-	-	2.5	2.9	4.2	6.4	7.7	8.3	6.9	4.8	3.9	2.6
MJÓIFJÖRÐUR	2.4	1.9	1.6	1.8	4.5	6.3	7.1	8.8	7.6	5.2	4.3	3.3
ESKIFJÖRÐUR	-	-	-	-	-	6.2	7.6	8.3	7.2	5.5	4.5	3.7
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	-	-	-	-	-	6.2	6.6	7.8	6.9	5.7	4.6	3.7
HAMARSFJÖRÐUR	-	-	-	-	-	6.0	6.7	8.0	7.8	5.6	4.0	2.9

2. Tafla: MÁNAÐARMEÐALTÖL SJÁVARHITA 1988 (°C)

STAÐUR	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES
REYKJAVÍK	2.2	0.4	1.7	3.0	6.4	9.3	10.7	10.6	9.2	6.5	5.3	4.3
STYKKISHÓLMUR	-	-	1.8	0.9	5.0	8.2	9.5	9.8	8.5	5.9	4.7	3.4
SKARÐSTRÖND	-1.5	-1.2	-	-	-	8.6	10.5	10.2	8.5	-	-	-
PATREKSFJÖRÐUR	1.7	0.2	0.6	0.7	3.4	6.9	10.3	-	-	-	5.2	-
ÆDEY	1.2	-0.1	-0.2	0.4	3.3	6.2	8.5	9.3	-	-	-	-
HÓLMAVÍK	1.3	0.6	0.6	1.2	-	-	-	-	-	-	-	-
SKAGASTRÖND	0.1	0.0	0.2	0.9	3.7	7.0	-	-	6.6	4.3	2.8	1.6
HJALTEYRI	1.9	-	-	-	3.9	6.0	9.7	-	-	-	-	-
GRÍMSEY	1.3	0.8	0.9	-	-	-	-	-	6.1	4.4	2.1	-
HÚSAVÍK	-	-	-	-	4.6	7.6	8.7	8.6	6.7	4.5	2.7	-
MJÓIFJÖRÐUR	2.3	1.2	0.5	0.7	2.9	4.9	7.2	7.8	7.2	5.2	4.0	3.0
ESKIFJÖRÐUR	2.4	1.1	0.5	0.7	2.6	6.4	6.0	7.2	6.5	5.3	4.4	3.3
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	2.4	1.3	0.7	0.7	3.1	5.2	6.2	-	-	-	-	-
HAMARSFJÖRÐUR	0.2	-1.0	-0.5	0.4	3.6	-	-	-	-	-	3.2	-

Kólnunin er því háð mismun á hita lofts og lagar og vindi. Við Ísland er hiti sjávar oftast hærri en hiti andrúmslofts. Mestur er mismunurinn við Suðurland, minni við Vestur- og Norðurland en minnstur við Austfirði og þar er andrúmsloftið hlýrra en sjórinn frá maí til september (Unnsteinn Stefánsson 1981).

4. Á svipaðan hátt og greint er frá í 3. lið tapar sjórinn varma vegna uppgufunar. Hún fer bæði eftir rakastigi loftsins, sem er háð lofthitanum og vindi. Stórum hluta af þeim hita sem sjórinn gleypir á sumrin er því skilað til andrúmsloftsins, sérstaklega á veturna þegar mismunur lofthita og sjávarhita er mestur.

5. Sjórinn getur hitnað eða kólnað vegna snertingar við botninn (fjöruna) og orðið þannig fyrir beinum áhrifum af landinu. Þetta getur verið mikilvægt í fjörðum þar sem mikill munur er á sjávarhæð milli flóðs og fjöru og víðáttu fjörunnar er mikil.

6. Að lokum hitnar eða kólnar sjórinn vegna hafstrauma og blöndunar við nærliggjandi hafsvæði. Dýpi og lengd fjarða skipta hér máli ásamt straumpunga. Þannig má almennt segja að stuttur fjörður kólnar síður en langur miðað við sama straumpunga á veturna en sá lengri hitnar meira á sumrin. Undir þennan lið falla einnig áhrif af aðstreymi ferskvatns, sem er mjög mismunandi eftir stað og tíma svo og áhrif bæði lagnaðaríss og hafíss.

Hér á eftir er fjallað um einstaka mælistaði og birt línumit með sólarhringsgildum hitans. Byrjað er í Reykjavík og farið þaðan réttsælis umhverfis landið. Fyrir þá staði þar sem gögnin leyfa það eru einnig sýnd stöplarit yfir gráðudaga en þau sýna fjölda daga miðað við eitt ár þegar hitinn er á tilteknu bili. Þar sem stuttar eyður eru í mælingunum er notuð línuleg brúun. Töflur yfir dagsmeðaltöl sjávarhita ásamt nánari upplýsingum um hvern stað eru birtar að lokum í viðauka.

## REYKJAVÍK

Mælingar hófust aftur í febrúar 1985 eftir nokkurra ára hlé (3. mynd a, b, c og d). Notað var prufutæki frá HUGRÚNU s.f. og síðan hafa mælingar að mestu verið óslitnar og ná nú út árið 1988. Hitinn varð mestur 12 - 13°C í júlí og ágúst. Lægri hitamörk eru mjög breytileg frá ári til árs. Sem dæmi má nefna, að hlýja veturninn 1987 var hitalágmarkið um 2°C í mars/apríl en hitinn fór niður í -0.5°C í febrúar kalda veturninn 1988.

Meðalsjávarhitinn í febrúar 1987 var 1.2°C hærri en meðaltal sjávarhita í febrúar í Reykjavíkurhöfn frá árunum 1960 - 1969 (Unnsteinn Stefánsson 1970). Aftur á móti í febrúar 1988 var hann 1.7°C lægri en meðaltalið.


Hitasveiflur frá degi til dags eru misjafnar. Fyrri hluta sumars getur hitnað um hálfu gráðu milli daga, en seinni hluta sumars getur hitinn lækkað um allt að einni gráðu milli daga. Dægursveiflur geta hins vegar verið nokkru meiri, einkum á sumrin.

Myndir af gráðudögum sýna enn frekar mun sjávarhita á árunum 1985, 1986, 1987 og 1988. Frá febrúar 1985 til febrúar 1986 var hitinn aldrei yfir 12°C (3. mynd e). Á sama tíma var hitinn einn dag undir 0°C, 9 daga var hann undir 1°C en 228 daga af 365 var sjávarhitinn yfir 4°C. Árið 1987 var hlýtt ár (3. mynd f). Hitinn var þá aldrei undir 1°C og aðeins í 2 daga fór hann niður yfir 2°C. Þá var hitinn yfir 12°C í 14 daga. Árið 1988 var frekar kalt ár (3. mynd g). Hitinn var í 8 daga undir 0°C og hann fór aldrei yfir 12°C.


Samantekt á fjölda gráðudaga er sýnd í 3. töflu. Hún er frá árunum 1969 - 1979 á eldri gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar úr Reykjavíkurhöfn og frá árunum 1985 - 1988 sem fjallað er um í þessari skýrslu. Þar kemur í ljós annars vegar að sjávarhitinn var undir 0°C í 0 til 30 daga og hins vegar að hann var 4°C eða hærri í 202 til 259 daga á þessum tilteknunum.

3. Tafla: REYKJAVÍKURHÖFN


ÁR	Fjöldi daga hiti < 0°C	Fjöldi daga hiti ≥ 4°C
1969	23 amk	221
1970	4	202
1971	4	218
1972	0	259
1973	9	215
1974	7 amk	?
1975	16	232
1976	0	224
1977	7	221
1978	0	241
1979	30 amk	?
----	-	---
1985	?	228
1986	1 amk	~220
1987	0	258
1988	8	237



3. Mynd a. Sjávarhiti í Reykjavíkurhöfn árið 1985.




3. Mynd b. Sjávarhiti í Reykjavíkurhöfn árið 1986.




3. Mynd c. Sjávarhiti í Reykjavíkurhöfn árið 1987.




3. Mynd d. Sjávarhiti í Reykjavíkurhöfn árið 1988.



3. Mynd e. Fjöldi gráðudaga í Reykjavíkurhöfn tímabilið frá febrúar 1985 til febrúar 1986. Súlurnar sýna fjölða daga á einnar gráðu bilum.



3. Mynd f. Fjöldi gráðudaga í Reykjavíkurhöfn 1987.



3. Mynd g. Fjöldi gráðudaga í Reykjavíkurhöfn 1988.


## STYKKISHÓLMUR

Mælingar hófust í júní 1986 og síðan hefur þeim verið fram haldið með hléum og ná nú út árið 1988 (4. mynd a, b og c). A þeim tíma sem mælt var fór hiti hæst í  $11.9^{\circ}\text{C}$  í ágúst 1987 en lægst niður í  $0.3^{\circ}\text{C}$  í apríl 1988.


Kaldasti mánuður 1987 var mars og meðalhitinn var  $1.8^{\circ}\text{C}$  sem er  $0.8^{\circ}\text{C}$  hærri en meðaltal sjávarhita í mars áranna 1931 - 1960 (Veðráttan 1968). Árið 1988 var kaldasti mánuðurinn apríl og meðalhitinn var  $0.9^{\circ}\text{C}$  sem er  $1.5^{\circ}\text{C}$  lægri en meðaltalið fyrir apríl 1931 - 1960. Hlýjasti mánuður 1987 og 1988 var ágúst og var meðaltal sjávarhitans  $11.1^{\circ}\text{C}$  annars vegar og  $9.8^{\circ}\text{C}$  hins vegar. Þessi gildi eru  $0.6^{\circ}\text{C}$  hærri og  $0.7^{\circ}\text{C}$  lægri en meðaltal áranna 1931 - 1960.

Hitasveiflur frá degi til dags eru mun minni en á öðrum mælistöðum vegna þess að hitamælirinn var á 5 metra dýpi, þ.e. neðan yfirborðslagsins. Þær ná mest  $0.5^{\circ}\text{C}$  en eru oftast mun minni.


Fjöldi daga á árinu 1988 þegar hitinn var  $4^{\circ}\text{C}$  eða meira var 211 en erfiðara er að áætla þá fyrir 1987.




4. Mynd a. Sjávarhiti við Stykkishólm 1986.



4. Mynd b. Sjávarhiti við Stykkishólm 1987.




4. Mynd c. Sjávarhiti við Stykkishólm 1988.



### SKARDSTRÖND

Mælingar hófust seint á árinu 1987. Síðan brást önnur mælilota á tímabilinu mars til júní 1988, en sú þriðja tókst vel. Þess vegna er um takmarkaðann efnivið að ræða sem nær hér fram í september 1988 (5. mynd). Landræn áhrif voru greinileg á þessum mælistærð þar sem hiti var mjög lágrur veturinn 1988 og fór hann niður í frostmark sjávar sem er  $-1.8^{\circ}\text{C}$  við seltuna 34. Sumarhitinn fór í rúmar  $11^{\circ}\text{C}$ . Hitasveiflur frá degi til dags voru tölverðar eða allt að einni gráðu.




5. Mynd. Sjávarhiti við Skarðsstöð 1988.


## PATREKSFJÖRÐUR

Mælingar samanstanda af fjórum lotum frá árunum 1987 og 1988. Töluvvert vantar í mælingarnar á milli lotanna og árssveiflan er því ófullkominn (6. mynd a og b). Hitinn náði hæst  $12^{\circ}\text{C}$  að sumri til, en lægst  $-0.8^{\circ}\text{C}$  í febrúar kalda veturnni 1988. Sveiflur frá degi til dags voru stundum allmiklar og náðu yfir eina gráðu en voru oftast mun minni.

Það má áætla að í 197 daga á árinu 1988 hafi sjávarhitinn verið yfir  $4^{\circ}\text{C}$  (6. mynd b). Einnig má gera ráð fyrir 9 dögum á árinu 1988 þegar hitinn fór undir  $0^{\circ}\text{C}$ .



6. Mynd a. Sjávarhiti á Patreksfirði 1987.




6. Mynd b. Sjávarhiti á Patreksfirði 1988.

## ÆÐEY

Mælingar hófust um miðjan febrúar 1987 og ná fram í ágúst 1988 (7. mynd a og b). Því miður næst ekki heil árssveifla fyrr en í lok árs 1988 vegna ófyrirsjánlegrar eyðu í mælingunum. Sjávarhitinn fór hæst í tæpar  $10^{\circ}\text{C}$  í júlí og í rúmlega  $10^{\circ}\text{C}$  í ágúst 1988 en hann fór niður fyrir  $0^{\circ}\text{C}$  mun oftar kalda veturinn 1988 en veturinn 1987.

Hitasveiflur milli daga eru mestar á vorin og sumrin. Hitinn getur hækkað eða lækkað um rúma  $1^{\circ}\text{C}$ . Sveiflurnar eru minni aðrar árstíðir.



7. Mynd a. Sjávarhiti við Æðey 1987.




7. Mynd b. Sjávarhiti við Æðey 1988.

## HÓLMAVÍK


Mælingar hófust um miðjan maí 1987 og ná fram í maí 1988 og ná því yfir rétt eitt ár (8. mynd a og b). Hitinn náði  $10 - 11^{\circ}\text{C}$  yfir sumartímann en fór niður undir  $0^{\circ}\text{C}$  veturinn 1988.

Hitasveiflur frá degi til dags eru mestar á vorin og sumrin þegar hitinn hækkar eða lækkar um rúma  $1^{\circ}\text{C}$ . Þær eru minnstar á haustin eða um  $0.5^{\circ}\text{C}$ .


Fjöldi gráðudaga var reiknaður yfir árið frá maí 1987 til maí 1988 (8. mynd c). Sjávarhitinn var í 2 daga undir  $0^{\circ}\text{C}$ , í 8 daga yfir  $11^{\circ}\text{C}$  og í 190 daga yfir  $4^{\circ}\text{C}$ .



8. Mynd a. Sjávarhiti við Hólmavík 1987.



8. Mynd b. Sjávarhiti við Hólmavík 1988.




8. Mynd c. Fjöldi gráðudaga við Hólmavík tímabilið frá maí 1987 til maí 1988.  
Súlurnar sýna fjölda daga á einnar gráðu bilum.


### SKAGASTRÖND

Mælingar hófust um miðjan maí 1987 og ná út árið 1988 (9. mynd a og b). Þó vantart mælingar í júlí og ágúst 1988. Hitinn komst upp fyrir  $10^{\circ}\text{C}$  í júlí og ágúst og náði allt að  $12^{\circ}\text{C}$  um miðbik júlí 1987. Hitinn var lægstur í janúar og febrúar 1988 eða u.p.b.  $-1^{\circ}\text{C}$ . Hitamælirinn er inni í höfninni á Skagaströnd þar sem hugsanlega gætir tregðu streymis og eru því hæstu og lægstu gildi mögulega ýkt miðað við næsta umhverfi þar sem streymis gætir meira. Sveiflur hitans frá degi til dags voru miklar og oft yfir  $1^{\circ}\text{C}$ , bæði upp og niður.


Sjávarhitinn var yfir  $11^{\circ}\text{C}$  í aðeins 5 daga frá miðjum maí 1987 til miðs maí 1988 en í 44 daga var hann undir  $0^{\circ}\text{C}$  (9. mynd c). Í 168 daga var hitinn yfir  $4^{\circ}\text{C}$  á sama tímabili.



9. Mynd a. Sjávarhiti við Skagaströnd 1987.



9. Mynd b. Sjávarhiti við Skagaströnd 1988.




9. Mynd c. Fjöldi gráðudaga við Skagaströnd tímabilið frá maí 1987 til maí 1988.  
Súlurnar sýna fjölda daga á einnar gráðu bilum.

## HJALTEYRI


Mælingar hófust 2. desember 1986 og ná fram í ágúst 1988 en af ýmsum ástæðum hafa komið upp eyður í mælingarnar (10. mynd a og b). Sumarhitinn fór upp fyrir  $12^{\circ}\text{C}$  í júní og ágúst 1987 en í tæpar  $11^{\circ}\text{C}$  í júní 1988. Erfiðara er að segja til um vetrarkuldann í sjónum vegna eyðu í mælingunum. Þó kom fyrir að hitinn fór niður fyrir  $0^{\circ}\text{C}$ .

Hitasveiflur frá degi til dags eru mestar á sumrin, upphitun og kólnun allt að einni gráðu. Einnig kemur fram mikil kólnun milli daga í febrúar 1987.


Brúað var í götin á línuritinu frá 1987 og fjöldi gráðudaga reiknaður (10. mynd c). Hitinn fór upp fyrir  $12^{\circ}\text{C}$  í 8 daga en í 15 daga niður fyrir  $1^{\circ}\text{C}$ . Hitinn fór aldrei niður fyrir  $0^{\circ}\text{C}$  1987 en það gerði hann hins vegar kalda veturinn 1988. Gögn vantar til að segja um hve lengi í 200 daga var hitinn yfir  $4^{\circ}\text{C}$  árið 1987.



10. Mynd a. Sjávarhiti við Hjalteyri 1987.



10. Mynd b. Sjávarhiti við Hjalteyri 1988.



10. Mynd c. Fjöldi gráðudaga við Hjalteyri árið 1987.  
Súlurnar sýna fjölda daga á einnar gráðu bilum.

## GRÍMSEY


Mælingar hófust aftur um miðjan febrúar 1987 eftir nokkurt hlé frá fyrri tíð og ná hér fram í desember 1988 (11. mynd a og b). Því miður vantar sumarið 1988. Hitinn fór hæst í 8 - 9°C sumarið 1987 en lægst niður fyrir 0°C í febrúar/mars 1988.

Mánaðameðaltöl sjávarhita í Grímsey byggð á mælingum frá árunum 1960 - 1969 (Unnsteinn Stefánsson 1970 & 1983) sýna að framan af ári 1987 var sjávarhitinn yfir meðallagi sem nam t.d. 1.1°C í mars. Seinni hluta ársins 1987 og fyrstu mánuði ársins 1988 var sjávarhitinn undir meðallagi sem nam t.d. 0.5°C í mars 1988.


Hitasveiflur frá degi til dags eru jafnar yfir allt árið og algengar sveiflur eru 0.5°C.

Fjöldi gráðudaga var reiknaður fyrir árið frá febrúar 1987 til febrúar 1988 (11. mynd c). Hitinn var undir 0°C í 2 daga og í einn dag var hann yfir 9°C á þessum tíma. Í 177 daga var sjávarhitinn yfir 4°C.


Samanburður frá árunum 1970 - 1975 sýnir að fjöldi daga þegar sjávarhitinn er undir 0°C getur verið frá ekki neinum degi og upp í rúman mánuð (Unnsteinn Stefánsson 1983). Hafa ber í huga áhrif hafiss á þessum árum.



11. Mynd a. Sjávarhiti við Grímsey 1987.



11. Mynd b. Sjávarhiti við Grímsey 1988.




11. Mynd c. Fjöldi gráðudaga við Grímsey tímabilið frá febrúar 1987 til febrúar 1988.  
Súlurnar sýna fjölda daga á einnar gráðu bilum.

## HÚSAVÍK

Mælingar hófust í apríl og ná fram í desember 1988 og ná því nú aðeins yfir hlýjasta kafla ársins (12. mynd). Hitinn fór hæst í  $10.5^{\circ}\text{C}$  í júlí en töluverðar hitasveiflur eru milli daga ( $>1^{\circ}\text{C}$ ).

Það má áætla að í 166 daga hafi sjávarhitinn verið  $4^{\circ}\text{C}$  eða hærri á árinu 1988.



12. Mynd. Sjávarhit við Húsavík 1988.


## MJÓIFJÖRDUR

Mælingar hófust aftur 1. nóvember 1986 eftir nokkurra ára hlé og ná nú út árið 1988 (13. mynd a og b). Sumarhitinn var hæstur  $9 - 10^{\circ}\text{C}$  í ágúst 1987 en vetrarhitinn er misjafn frá ári til árs. Þannig var hann nær alltaf yfir  $1^{\circ}\text{C}$  veturinn 1987 en fór niður fyrir  $0^{\circ}\text{C}$  í örfá skipti veturinn 1988.


Hitasveiflur eru mestar á vorin og sumrin, bæði hitnar og kólnar um  $1^{\circ}\text{C}$ . Þær eru miklu minni og jafnari aðra tíma ársins.

Fjöldi gráðudaga hefur verið reiknaður fyrir bæði árin 1987 og 1988. Árið 1987 var hlýr vetur og sjávarhitinn undir  $1^{\circ}\text{C}$  í aðeins einn dag (13. mynd c). Aftur á móti var hann undir  $1^{\circ}\text{C}$  í 58 daga árið 1988 og þar af 3 daga undir  $0^{\circ}\text{C}$  (13. mynd d). Á árinu 1987 var sjávarhitinn yfir  $4^{\circ}\text{C}$  í 188 daga en í 168 daga á árinu 1988.


Árin 1971 - 1973 var fjöldi daga 187 - 194 með sjávarhitann yfir  $4^{\circ}\text{C}$  (Unnsteinn Stefánsson 1983).




13. Mynd a. Sjávarhiti á Mjóafirði 1987.



13. Mynd b. Sjávarhiti á Mjóafirði 1988.



13. Mynd c. Fjöldi gráðudaga á Mjóafirði árið 1987.  
Súlurnar sýna fjölda daga á einnar gráðu bilum.




13. Mynd d. Fjöldi gráðudaga á Mjóafirði árið 1988.

## ESKIFJÓRÐUR


Mælingar hófust um miðjan maí 1987 og ná nú út árið 1988 (14. mynd a og b). Hitinn var mjög breytilegur á tímabilinu frá maí til ágúst bæði árin og var allt frá 4 til 11°C. Hann var lægstur  $-0.1^{\circ}\text{C}$  í mars 1988.

Hitasveiflur eru lang mestar á vorin og sumrin, þá hitnar bæði og kólnar um meira en eina gráðu milli daga. Á haustin og veturna eru sveiflur frá degi til dags miklu minni og jafnari.


Fjöldi gráðudaga var reiknaður fyrir árið 1988 (14. mynd c). Sjávarhitinn var yfir  $10^{\circ}\text{C}$  í two daga og undir  $0^{\circ}\text{C}$  í einn dag, en á milli  $0^{\circ}\text{C}$  og  $1^{\circ}\text{C}$  í 61 dag. Á sama tíma var hann yfir  $4^{\circ}\text{C}$  í 185 daga.



14. Mynd a. Sjávarhiti á Eskifirði 1987.



14. Mynd b. Sjávarhiti á Eskifirði 1988.




14. Mynd c. Fjöldi gráðudaga á Eskifirði á árinu 1988.  
Súlurnar sýna fjölda daga á einnar gráðu bilum.

## FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR


Mælingar hófust um miðjan maí 1987 og hafa nú staðið í rúmt ár (15. mynd a og b). Hitinn fór hæst í um  $9^{\circ}\text{C}$  í ágúst en lægst í  $0.2^{\circ}\text{C}$  í apríl 1988.

Hitasveiflur eru lang mestar á vorin og sumrin, þá hitnar bæði og kólnar um meira en eina gráðu. Á haustin og veturna eru sveiflur frá degi til dags miklu minni og jafnari.


Fjöldi gráðudaga var reiknaður fyrir árið frá maí 1987 til maí 1988 (15. mynd c). Sjávarhitinn var yfir  $9^{\circ}\text{C}$  í 5 daga en í 54 daga var hann á milli  $0^{\circ}\text{C}$  og  $1^{\circ}\text{C}$ . Í 203 daga var hitinn yfir  $4^{\circ}\text{C}$ .



15. Mynd a. Sjávarhiti á Fáskrúðsfirði 1987.



15. Mynd b. Sjávarhiti á Fáskrúðsfirði 1988.




15. Mynd c. Fjöldi gráðudaga á Fáskrúðsfirði á tímabilinu frá maí 1987 til maí 1988.  
Súlurnar sýna fjölda daga á einnar gráðu bilum.


### HAMARSFJÖRÐUR

Mælingar hófust í lok maí 1987 og ná hér fram í desember 1988 (16. mynd a og b). Því miður vantar inn í mælingarnar sumarið 1988. Hitinn fór hæst upp í 9°C í ágúst/september en lægst niður fyrir -1°C í febrúar. Taka skal fram að hitamælirinn losnaði upp og var í bláyfirborðinu frá janúar til mars 1988 og gætti vafalaust loftkælingar í þann tíma og gefa því lægri niðurstöður en ella. Hitasveiflur frá degi til dags voru oft 0.5 - 1°C.


Fjöldi gráðudaga er miðaður við árið frá júní 1987 til júní 1988 (16. mynd c). Sjávarhitinn var yfir 9°C í einn dag og hann var yfir 4°C í 182 daga.



16. Mynd a. Sjávarhití á Hamarsfirði 1987.



16. Mynd b. Sjávarhiti á Hamarsfirði 1988.



16. Mynd c. Fjöldi gráðudaga á Hamarsfirði á tímabilinu frá júní 1987 til júní 1988.  
Súlurnar sýna fjölda daga á einnar gráðu bilum.

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR.

1. Veðrattan og trúlega fyrst og fremst lofthitinn hefur mikil áhrif á sjávarhitann á öllum mælistöðunum. Þannig sést tölverður munur á árunum 1987 og 1988 sem fjallað er um og endurspeglar hann áhrif tíðarfarsins. Yfirleitt var hitinn hærri 1987 heldur en 1988. Veturinn 1987 var allt að tæpum  $3^{\circ}\text{C}$  hlýrri en veturinn 1988. Samanburður á nokkrum mælistöðum við eldri gögn leiðir í ljós að veturinn 1987 var tiltölulega hlýr en veturinn 1988 tiltölulega kaldur. Það er eftirtektarvert að sjávarhitinn á Austfjörðum lækkaði ekki eins mikið og annars staðar veturinn 1988. Það stafar sennilega af hörðum sjávarfallastraumum sem draga úr landrænum áhrifum og minni flóðhæðar en annars staðar við landið.
2. Tímasetning hitalágmarks á hinum ýmsu stöðum var mismunandi, allt frá janúar til apríl og virðast landshlutar ekki fylgjast að. Hámarkshiti var oftast í júlí og ágúst og einu sinni í september. Landræn áhrif, t.d. frá ferskvatni eða vegna skjóls, svo og mismunandi straumakerfi á mælistöðunum, hljóta að hafa mikil áhrif. Þau útskýra vafalaust hitamismuninn milli nærliggjandi mælistaða.
3. Fjöldi gráðudaga hefur verið reiknaður út á fáeinum stöðum og var nokkuð mismunandi milli landshluta. Þannig var sjávarhitinn yfir  $4^{\circ}\text{C}$  í 258 daga í Reykjavík, í 200 daga á Hjalteyri og í 188 daga á Mjóafirði árið 1987. Þessi niðurstaða er í samræmi við réttsælis straum hlýsjávar í kringum Ísland, sem kólnar smám saman á ferð sinni frá suðurströndinni, norður með Vesturlandi, inn á norðurmið og loks suður með Austfjörðum.
4. Í framhaldi af þeim hitamælingum sem hér er lýst þarf að kanna hvernig vindar og lofthiti kunni að hafa áhrif á sjávarhitann á hinum ýmsu stöðum. Einnig væri æskilegt að auka mælingarnar með síritandi seltuskráningu til að rannsaka ferskvatnsáhrifin, en þau eru staðbundinn landrænn þáttur í umhverfinu svo nærri landi.

PAKKIR.

Fjölmargir menn hafa hvatt til þessara hitamælinga í sjó, tekið þátt í þeim og gert þær mögulegar. Vil ég þakka: Árna Danielssyni, Birgi Árnasyni, Bjarna Magnússyni, Björgvin Baldurssyni, Björgvin Guðmundssyni, Birni Gíslasyni, Birni Björnssyni, Erlendi Jónssyni, Hjalta Harðarsyni, Jóhannesi Briem, Jóni Ólafssyni, Jónasi Helgasyni, Jónbirni Pálssyni, Kjartani Harðarsyni, Kristjáni Ragnarssyni, Ólafi V. Einarssyni, Ólafi Ragnarssyni, Sigfúsi Vilhjálmsyni, Svend-Aage Malmberg, Unnsteini Eggertssyni og Unnsteini Stefánssyni. Guðmundur Svavar Jónsson teiknaði 2. mynd.

## HEIMILDIR.

Björn Björnsson, 1987: Fiskeldismöguleikar á Austurlandi. **Sjómannadagsblað Neskaupstaðar**, 10, bls 102-110.

Svend-Aage Malmberg, 1982: Sjórinn og miðin. **Ægir**, 74, bls 73-80.

Svend-Aage Malmberg og Geir Magnússon, 1982: Sea Surface Temperature and Salinity in South Icelandic Waters in the period 1868-1965. **Rit Fiskideildar**, VI,3:1-31.

Unnsteinn Stefánsson, 1962: North Icelandic Waters. **Rit Fiskideildar**, III:1-269.

Unnsteinn Stefánsson, 1969: Sjávarhiti á siglingaleið umhverfis Ísland. **HAFÍSINN**, bls 131-149. Alm.Bókafél., Reykjavík.

Unnsteinn Stefánsson, 1970: Sjávarhiti og selta á nokkrum stöðum við strendur Íslands áratuginn 1960 - 1969. **Hafrannsóknir 1970**, bls 9-22. Hafrannsóknastofnunin, Reykjavík.

Unnsteinn Stefánsson, 1981: Sjórinn við Ísland. **NÁTTÚRA ÍSLANDS** 2. útgáfa, bls 397-438. Alm.Bókafél., Reykjavík.

Unnsteinn Stefánsson, 1983: Sjávarhiti við strendur Íslands. (Óbirt handrit.)

Veðráttan 1968, ársyfirlit, Veðurstofa Íslands, Reykjavík.

**VIÐAUKI**

REYKJAVÍK

64°09'N-21°56'V

TÆKI	DÝPI	TÍMABIL	FJÖLDI DAGA
MS-110SH-006	1.5 m	5/2 - 11/2/85	6
"	"	11/2 - 26/2/85	15
"	"	26/2 - 28/3/85	30
"	"	28/3 - 24/5/85	57
"	"	24/5 - 26/7/85	63
"	"	26/7 - 1/10/85	67
"	"	1/10 - 14/12/85	74
"	"	14/12/85 - 20/2/86	67
"	"	28/4 - 11/7/86	74
"	"	11/7 - 25/9/86	76
"	"	25/9 - 20/11/86	56
"	"	20/11/86 - 14/1/87	55
"	"	14/1 - 19/3/87	64
"	"	19/3 - 3/6/87	76
"	"	3/6 - 13/8/87	71
"	"	13/8 - 21/10/87	69
"	"	21/10/87 - 12/1/88	82

Mælt var á 1 klst fresti við enda Ingólfsgarðs í Reyjavíkurhöfn. Dýpið er 1.5 metrar undir stórstraumsfjöru.

REYKJAVÍK (frh)

64°09'N-21°56'V

TÆKI	DYPI	TÍMABIL	FJÖLDI DAGA
MS-110SH-006	1.5 m	21/1 - 24/3/88	63
"	"	24/3 - 3/6/88	71
"	"	3/6 - 8/8/88	66
"	"	8/8 - 29/9/88	52
"	"	29/9 - 1/12/88	63
"	"	1/12/88 - 3/1/89	33

Mælt var á 1 klst fresti við enda Ingólfsgarðs í Reyjavíkurhöfn. Dýpið er 1.5 metrar undir stórstraumsfjöru.

REYKJAVÍK

dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)
06.02.1985	2.1	28.03.1985	2.3	17.05.1985	6.5	06.07.1985	11.4
07.02.1985	1.9	29.03.1985	2.0	18.05.1985	6.0	07.07.1985	11.7
08.02.1985	1.9	30.03.1985	1.7	19.05.1985	6.2	08.07.1985	11.6
09.02.1985	1.8	31.03.1985	1.3	20.05.1985	6.7	09.07.1985	11.4
10.02.1985	1.9	01.04.1985	1.6	21.05.1985	7.5	10.07.1985	11.6
11.02.1985	1.3	02.04.1985	1.7	22.05.1985	8.0	11.07.1985	11.7
12.02.1985	2.2	03.04.1985	1.9	23.05.1985	8.0	12.07.1985	11.6
13.02.1985	2.2	04.04.1985	2.2	24.05.1985	6.4	13.07.1985	11.2
14.02.1985	2.0	05.04.1985	2.6	25.05.1985	7.6	14.07.1985	11.1
15.02.1985	2.0	06.04.1985	3.1	26.05.1985	7.5	15.07.1985	10.9
16.02.1985	2.0	07.04.1985	3.3	27.05.1985	7.4	16.07.1985	10.9
17.02.1985	1.9	08.04.1985	3.4	28.05.1985	7.2	17.07.1985	10.9
18.02.1985	1.9	09.04.1985	3.4	29.05.1985	7.1	18.07.1985	10.7
19.02.1985	2.0	10.04.1985	3.5	30.05.1985	7.3	19.07.1985	10.0
20.02.1985	2.0	11.04.1985	3.6	31.05.1985	7.2	20.07.1985	9.7
21.02.1985	2.1	12.04.1985	3.7	01.06.1985	7.6	21.07.1985	9.6
22.02.1985	2.1	13.04.1985	3.6	02.06.1985	8.0	22.07.1985	9.6
23.02.1985	2.1	14.04.1985	3.6	03.06.1985	8.3	23.07.1985	9.8
24.02.1985	2.0	15.04.1985	3.5	04.06.1985	8.6	24.07.1985	9.8
25.02.1985	2.2	16.04.1985	3.4	05.06.1985	8.5	25.07.1985	10.1
26.02.1985	2.4	17.04.1985	3.5	06.06.1985	8.4	26.07.1985	9.5
27.02.1985	2.4	18.04.1985	3.6	07.06.1985	8.6	27.07.1985	10.7
28.02.1985	2.8	19.04.1985	3.9	08.06.1985	8.7	28.07.1985	10.8
01.03.1985	2.8	20.04.1985	4.0	09.06.1985	9.0	29.07.1985	10.9
02.03.1985	3.0	21.04.1985	4.1	10.06.1985	8.9	30.07.1985	10.6
03.03.1985	2.9	22.04.1985	4.2	11.06.1985	8.6	31.07.1985	10.3
04.03.1985	3.0	23.04.1985	4.2	12.06.1985	9.1	01.08.1985	10.2
05.03.1985	3.0	24.04.1985	4.3	13.06.1985	9.3	02.08.1985	10.1
06.03.1985	3.3	25.04.1985	4.3	14.06.1985	9.3	03.08.1985	10.5
07.03.1985	3.4	26.04.1985	4.4	15.06.1985	9.6	04.08.1985	11.0
08.03.1985	3.3	27.04.1985	4.4	16.06.1985	9.6	05.08.1985	11.1
09.03.1985	3.1	28.04.1985	4.3	17.06.1985	8.6	06.08.1985	10.9
10.03.1985	3.1	29.04.1985	4.6	18.06.1985	8.2	07.08.1985	10.6
11.03.1985	3.0	30.04.1985	4.9	19.06.1985	8.5	08.08.1985	10.5
12.03.1985	3.0	01.05.1985	5.3	20.06.1985	8.9	09.08.1985	10.9
13.03.1985	2.9	02.05.1985	4.9	21.06.1985	9.1	10.08.1985	10.9
14.03.1985	2.6	03.05.1985	4.3	22.06.1985	9.5	11.08.1985	10.9
15.03.1985	2.4	04.05.1985	4.5	23.06.1985	10.0	12.08.1985	10.8
16.03.1985	2.3	05.05.1985	4.6	24.06.1985	10.5	13.08.1985	11.0
17.03.1985	2.3	06.05.1985	5.0	25.06.1985	10.8	14.08.1985	11.2
18.03.1985	2.6	07.05.1985	5.0	26.06.1985	10.8	15.08.1985	11.2
19.03.1985	2.9	08.05.1985	4.8	27.06.1985	11.1	16.08.1985	11.2
20.03.1985	3.0	09.05.1985	4.8	28.06.1985	11.3	17.08.1985	11.5
21.03.1985	3.3	10.05.1985	5.0	29.06.1985	11.1	18.08.1985	11.5
22.03.1985	3.5	11.05.1985	5.2	30.06.1985	10.9	19.08.1985	11.6
23.03.1985	3.3	12.05.1985	5.3	01.07.1985	10.3	20.08.1985	11.6
24.03.1985	3.2	13.05.1985	5.5	02.07.1985	10.3	21.08.1985	11.6
25.03.1985	3.4	14.05.1985	5.9	03.07.1985	10.5	22.08.1985	11.7
26.03.1985	3.4	15.05.1985	6.5	04.07.1985	10.8	23.08.1985	11.8
27.03.1985	3.4	16.05.1985	7.0	05.07.1985	11.1	24.08.1985	11.6

REYKJAVÍK

dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)
25.08.1985	11.4	14.10.1985	7.9	03.12.1985	3.9	22.01.1986	1.4
26.08.1985	11.1	15.10.1985	8.0	04.12.1985	3.5	23.01.1986	1.0
27.08.1985	10.7	16.10.1985	8.1	05.12.1985	3.3	24.01.1986	1.0
28.08.1985	10.3	17.10.1985	8.1	06.12.1985	3.4	25.01.1986	1.1
29.08.1985	10.2	18.10.1985	8.0	07.12.1985	3.7	26.01.1986	1.2
30.08.1985	10.3	19.10.1985	8.1	08.12.1985	4.0	27.01.1986	1.0
31.08.1985	10.4	20.10.1985	8.0	09.12.1985	3.8	28.01.1986	0.6
01.09.1985	10.3	21.10.1985	7.9	10.12.1985	3.4	29.01.1986	-0.1
02.09.1985	10.2	22.10.1985	8.0	11.12.1985	3.3	30.01.1986	-0.0
03.09.1985	10.1	23.10.1985	8.0	12.12.1985	3.3	31.01.1986	0.5
04.09.1985	10.1	24.10.1985	7.8	13.12.1985	3.3	01.02.1986	0.7
05.09.1985	9.9	25.10.1985	7.9	14.12.1985	3.2	02.02.1986	0.9
06.09.1985	9.8	26.10.1985	7.9	15.12.1985	3.3	03.02.1986	1.1
07.09.1985	9.8	27.10.1985	7.9	16.12.1985	3.3	04.02.1986	1.2
08.09.1985	9.6	28.10.1985	8.0	17.12.1985	3.3	05.02.1986	1.2
09.09.1985	9.4	29.10.1985	8.0	18.12.1985	3.3	06.02.1986	1.3
10.09.1985	9.4	30.10.1985	7.9	19.12.1985	3.2	07.02.1986	1.3
11.09.1985	9.5	31.10.1985	7.8	20.12.1985	3.0	08.02.1986	1.3
12.09.1985	9.6	01.11.1985	7.6	21.12.1985	2.6	09.02.1986	1.3
13.09.1985	9.7	02.11.1985	7.4	22.12.1985	2.0	10.02.1986	1.4
14.09.1985	9.6	03.11.1985	6.7	23.12.1985	1.9	11.02.1986	1.5
15.09.1985	9.5	04.11.1985	6.0	24.12.1985	1.9	12.02.1986	1.8
16.09.1985	9.5	05.11.1985	5.8	25.12.1985	2.0	13.02.1986	2.0
17.09.1985	9.5	06.11.1985	5.4	26.12.1985	1.3	14.02.1986	2.0
18.09.1985	9.4	07.11.1985	5.2	27.12.1985	0.8	15.02.1986	2.0
19.09.1985	9.2	08.11.1985	5.0	28.12.1985	1.0	16.02.1986	2.0
20.09.1985	9.1	09.11.1985	4.8	29.12.1985	0.9	17.02.1986	2.0
21.09.1985	9.1	10.11.1985	5.2	30.12.1985	1.0	18.02.1986	2.1
22.09.1985	9.0	11.11.1985	5.6	31.12.1985	0.9	19.02.1986	2.0
23.09.1985	9.0	12.11.1985	5.7	01.01.1986	1.2		
24.09.1985	9.0	13.11.1985	5.7	02.01.1986	1.4	29.04.1986	5.0
25.09.1985	8.9	14.11.1985	5.5	03.01.1986	1.7	30.04.1986	5.2
26.09.1985	8.9	15.11.1985	5.3	04.01.1986	1.8	01.05.1986	5.2
27.09.1985	8.9	16.11.1985	5.1	05.01.1986	2.0	02.05.1986	5.4
28.09.1985	8.9	17.11.1985	5.1	06.01.1986	2.2	03.05.1986	5.4
29.09.1985	8.9	18.11.1985	5.0	07.01.1986	2.3	04.05.1986	5.4
30.09.1985	9.0	19.11.1985	4.9	08.01.1986	2.3	05.05.1986	5.7
01.10.1985	9.0	20.11.1985	5.1	09.01.1986	2.3	06.05.1986	5.8
02.10.1985	8.9	21.11.1985	5.2	10.01.1986	2.2	07.05.1986	5.6
03.10.1985	8.9	22.11.1985	5.3	11.01.1986	2.3	08.05.1986	5.7
04.10.1985	8.9	23.11.1985	5.3	12.01.1986	2.1	09.05.1986	5.9
05.10.1985	8.7	24.11.1985	5.3	13.01.1986	2.0	10.05.1986	6.0
06.10.1985	8.6	25.11.1985	5.1	14.01.1986	1.9	11.05.1986	6.1
07.10.1985	8.4	26.11.1985	4.7	15.01.1986	1.9	12.05.1986	5.9
08.10.1985	7.9	27.11.1985	4.8	16.01.1986	2.0	13.05.1986	5.9
09.10.1985	7.6	28.11.1985	5.1	17.01.1986	1.9	14.05.1986	6.1
10.10.1985	7.5	29.11.1985	4.9	18.01.1986	1.9	15.05.1986	6.2
11.10.1985	7.3	30.11.1985	4.7	19.01.1986	1.7	16.05.1986	6.3
12.10.1985	7.6	01.12.1985	4.5	20.01.1986	1.6	17.05.1986	6.5
13.10.1985	7.8	02.12.1985	4.3	21.01.1986	1.5	18.05.1986	7.0

REYKJAVÍK

dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)
19.05.1986	7.1	08.07.1986	10.2	27.08.1986	11.9	16.10.1986	7.2
20.05.1986	6.2	09.07.1986	10.4	28.08.1986	12.0	17.10.1986	7.2
21.05.1986	6.2	10.07.1986	10.8	29.08.1986	11.9	18.10.1986	7.1
22.05.1986	6.3	11.07.1986	10.5	30.08.1986	11.3	19.10.1986	7.0
23.05.1986	6.5	12.07.1986	10.9	31.08.1986	10.8	20.10.1986	6.9
24.05.1986	6.6	13.07.1986	10.0	01.09.1986	10.8	21.10.1986	6.9
25.05.1986	6.6	14.07.1986	10.4	02.09.1986	10.8	22.10.1986	6.6
26.05.1986	6.6	15.07.1986	10.7	03.09.1986	10.7	23.10.1986	6.6
27.05.1986	7.0	16.07.1986	11.0	04.09.1986	10.4	24.10.1986	6.3
28.05.1986	7.0	17.07.1986	11.4	05.09.1986	10.3	25.10.1986	6.2
29.05.1986	6.7	18.07.1986	11.4	06.09.1986	10.3	26.10.1986	6.2
30.05.1986	7.0	19.07.1986	11.5	07.09.1986	10.4	27.10.1986	6.0
31.05.1986	7.3	20.07.1986	11.5	08.09.1986	10.5	28.10.1986	5.8
01.06.1986	7.4	21.07.1986	11.8	09.09.1986	10.4	29.10.1986	5.6
02.06.1986	7.6	22.07.1986	11.7	10.09.1986	10.4	30.10.1986	5.5
03.06.1986	7.9	23.07.1986	10.5	11.09.1986	10.3	31.10.1986	5.1
04.06.1986	8.1	24.07.1986	11.1	12.09.1986	10.3	01.11.1986	5.1
05.06.1986	8.0	25.07.1986	11.3	13.09.1986	10.1	02.11.1986	5.2
06.06.1986	7.7	26.07.1986	11.6	14.09.1986	9.9	03.11.1986	5.3
07.06.1986	7.8	27.07.1986	11.7	15.09.1986	9.8	04.11.1986	5.2
08.06.1986	7.8	28.07.1986	11.4	16.09.1986	9.7	05.11.1986	4.9
09.06.1986	7.8	29.07.1986	11.4	17.09.1986	9.7	06.11.1986	4.6
10.06.1986	7.8	30.07.1986	11.3	18.09.1986	9.6	07.11.1986	4.8
11.06.1986	7.8	31.07.1986	11.3	19.09.1986	9.6	08.11.1986	4.7
12.06.1986	7.7	01.08.1986	11.5	20.09.1986	9.6	09.11.1986	4.2
13.06.1986	7.7	02.08.1986	11.6	21.09.1986	9.6	10.11.1986	3.8
14.06.1986	7.8	03.08.1986	11.7	22.09.1986	9.5	11.11.1986	3.8
15.06.1986	8.0	04.08.1986	11.7	23.09.1986	9.4	12.11.1986	3.9
16.06.1986	8.4	05.08.1986	11.6	24.09.1986	9.3	13.11.1986	3.8
17.06.1986	8.8	06.08.1986	11.5	25.09.1986	9.3	14.11.1986	4.0
18.06.1986	8.9	07.08.1986	11.7	26.09.1986	9.3	15.11.1986	4.2
19.06.1986	9.0	08.08.1986	11.5	27.09.1986	9.2	16.11.1986	4.0
20.06.1986	9.0	09.08.1986	11.0	28.09.1986	9.1	17.11.1986	3.8
21.06.1986	9.0	10.08.1986	10.7	29.09.1986	9.0	18.11.1986	3.7
22.06.1986	9.0	11.08.1986	10.8	30.09.1986	8.9	19.11.1986	3.7
23.06.1986	9.4	12.08.1986	11.0	01.10.1986	8.7	20.11.1986	4.0
24.06.1986	9.6	13.08.1986	11.1	02.10.1986	8.1	21.11.1986	4.0
25.06.1986	9.6	14.08.1986	11.4	03.10.1986	8.0	22.11.1986	3.8
26.06.1986	9.5	15.08.1986	11.6	04.10.1986	7.8	23.11.1986	3.9
27.06.1986	9.6	16.08.1986	11.6	05.10.1986	8.0	24.11.1986	3.8
28.06.1986	10.0	17.08.1986	11.4	06.10.1986	7.9	25.11.1986	3.6
29.06.1986	10.5	18.08.1986	11.6	07.10.1986	8.0	26.11.1986	3.6
30.06.1986	10.8	19.08.1986	11.8	08.10.1986	8.0	27.11.1986	3.6
01.07.1986	11.3	20.08.1986	11.8	09.10.1986	8.1	28.11.1986	3.5
02.07.1986	11.9	21.08.1986	11.9	10.10.1986	8.2	29.11.1986	3.3
03.07.1986	11.6	22.08.1986	11.9	11.10.1986	8.1	30.11.1986	2.9
04.07.1986	12.3	23.08.1986	11.8	12.10.1986	7.9	01.12.1986	2.8
05.07.1986	11.8	24.08.1986	11.7	13.10.1986	7.8	02.12.1986	2.7
06.07.1986	11.5	25.08.1986	11.6	14.10.1986	7.7	03.12.1986	2.4
07.07.1986	11.1	26.08.1986	11.7	15.10.1986	7.4	04.12.1986	2.2

REYKJAVÍK

dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)	dagur	hiti(°C)
05.12.1986	2.3	24.01.1987	3.3	15.03.1987	3.9	04.05.1987	4.5
06.12.1986	2.4	25.01.1987	3.3	16.03.1987	3.9	05.05.1987	4.7
07.12.1986	2.3	26.01.1987	3.3	17.03.1987	3.6	06.05.1987	4.9
08.12.1986	2.2	27.01.1987	3.2	18.03.1987	2.9	07.05.1987	5.1
09.12.1986	2.2	28.01.1987	3.2	19.03.1987	2.6	08.05.1987	5.3
